

## 9. fundur verkefnisstjórnar rammaáætlunar, 6. áfanga

### Fundur á Teams.

**Tími:** 16. janúar 2026 kl.13:00-14:00

### Mættir:

Svanfríður Jónasdóttir (SJ), Kjartan Ólafsson (KÓ), Ása L. Aradóttir (ÁLA), Guðrún A. Sævarsdóttir (GAS), Pétur Marteinn Urbancic Tómasson (PMUT), Jón Björn Hákonarson (JBH).

**UOS:** Rán Jónsdóttir (RJ)

### Dagskrá:

1. Staðfesting faghópa 1, 2 og 3 og formanns fyrir faghóp 4 (upplýsingar eru komnar á Teams-svæðið).
2. Fundartímar til vors.
3. Fundir formanns og starfsmanns á næstunni.

### 1. Staðfesting faghópa 1, 2 og 3 og formanns fyrir faghóp 4

#### *Faghópar 1-3*

Faghópar 1-3 eru fullmannaðir og var mönnunin staðfest af verkefnistjórn.

#### *Faghópur 4*

a) Kynnt var ferilskrá Kolbrúnar Reinholdsdóttur, sem hefur verið lagt til að verði formaður faghóps 4. Einnig borin undir hópinn tillaga um að Sveinn Ingi Ólafsson haldi áfram með faghópi 4.

b) Svanfríður upplýsti að Gestur forstjóri UOS hafi lagt til að Rán Jónsdóttir starfi með faghópi 4.

c) Svanfríður og Rán finni einn fulltrúa til viðbótar í faghóp 4.

Samþykkt einróma af verkefnisstjórn.

### 2. Fundartímar til vors

Á fundi þann 9. janúar var gerð tillaga um fundartíma til vors. Ný tillaga rædd á fundinum og hér er uppfært fundaplan verkefnisstjórnar (VÁ6) til vors 2026:

Að jafnaði fundað á föstudögum kl.13-15

30. jan.

13. febr.

26. febr. Með formönnum faghópa. Mögulega staðfundur með verkefnisstj. og faghópum þar sem farið yrði yfir aðferðafræði. Tímasetning ekki komin.

13. mars

27. mars

10. apríl

24. apríl

8. maí

22.maí

5. júní Þann dag er stefnt á vettvangsferð VÁ6 og faghópa til að skoða Hvammsvirkjun og Vaðöldu.

Rán sendir fundarboð á alla fundaröðina.

Einhverjir ofangreindra funda verða á Teams og e.t.v. haldnir aukalega fundir á Teams.

### **3. Fundir formanns og starfsmanns á næstunni**

Á mánudag munu SJ og RJ funda um kortasjána með sérfræðingum frá Náttúrufræðistofnun og einnig fundur með UOS um vatnshlot og þ.m.t. um fyrirspurn sem verkefnisstjórnin sendi forstjóra UOS fyrir áramót. Pétur mun einnig að mæta á fundinn fyrir hönd verkefnisstjórnar.

### **4. Önnur mál**

Farið yfir tillögu að skipulagi Teams svæða. Ákveðið að ræða á næsta fundi verkefnistjórnar en þá verði fundarmenn búnir að kynna sér svæðin. Rán sendir yfirlit yfir tillögu að skipulaginu í email til verkefnistjórnar.

Á næsta fundi verkefnistjórnar verði einnig farið yfir efni á heimasíðu ramma.is

Rán fær aðstoð tölvumanns UOS til að lagfæra aðgengismál að svæðum sem eru eki að virka sem skyldi eftir flutning.

Fundi slitið kl. 13:45.